



**115. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 30. apríl 2024  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202401001 - Fjármál 2024**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

**2. 202403115 - Menningarstefna og aðgerðaráætlun**

Inn á fundinn undir þessum lið kom atvinnu- og menningarmálastjóri Múlapings, Aðalheiður Borgþórsdóttir, og gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögum að Menningarstefnu Múlapings 2024-2030 auk aðgerðaráætlunar.

Í vinnslu.

**Gestir**

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 09:20

**3. 202401126 - Viðhaldsvottun á jafnlaunakerfi Múlapings 2024**

Fyrir liggur úttektarskýrsla bsi Ísland fyrir jafnlaunakerfi Múlapings auk minnisblaðs verkefnastjóra mannauðs. Fram kemur m.a. að óútskýrður launamunur hjá launafólki Múlapings er 0,6% körlum í vil. Samkvæmt jafnlaunastefnu Múlapings skal óútskýrður launamunur aldrei vera meiri en 3,5% en ávallt sem næst 0%. Inn á fundinn undir þessum lið kom verkefnastjóri mannauðsmála Sigrún Hólm Þórleifsdóttir.

Lagt fram til kynningar.

**Gestir**

Sigrún Hólm Þórleifsdóttir - 11:08



**4. 202404231 - Endurskoðun á reglum um starfsþróun, sí- og endurmenntun og úthlutunarreggur starfsþróunarsjóðs Múlapings**

Fyrir liggja til afgreiðslu í byggðaráði endurskoðaðar reglur varðandi starfsþróun, sí- og endurmenntun starfsfólks og endurskoðaðar úthlutunarreglur Starfsþróunarsjóðs Múlapings auk minnisblaðs verkefnastjóra mannauðs. Inn á fundinn undir þessum lið kom verkefnastjóri mannauðsmála Sigrún Hólm Þórléifsdóttir.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi tillögur að endurskoðuðum úthlutunarreglum Starfsþróunarsjóðs Múlapings og endurskoðuðum reglum um starfsþróun, sí- og endurmenntun starfsfólk hjá Múlaþingi. Verkefnastjóra mannauðs er falið að uppfæra umræddar reglur í samræmi við afgreiðslu byggðaráðs.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**5. 202404096 - Evrópuverkefni NATALIE, kynningarfundur**

Inn á fundinn undir þessum lið tengdust forsvarsfólk verkefnisins NATALIE project, þau Anna Berg Samúelsdóttir, Tinna K. Halldórsdóttir og Katrín Hulda Gunnarsdóttir, og kynntu verkefnið en þar er unnið að nýrri nálgun á náttúrumiðuðum aðferðum til að sporna við áhrifum veðurröskunar af völdum loftslagsbreytinga.

**Gestir**

Katrín Hulda Gunnarsdóttir, Tinna K. Halldórsdóttir og Anna Berg Samúelsdóttir - 10:40

**6. 202310203 - Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði**

Fyrir liggur fundargerð samráðshóps um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði, dags. 24.04.2024 auk skjals þar sem fram koma tillögur að framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði.

Lagt fram til kynningar.

**7. 202401202 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi, fundargerðir 2024**

Fyrir liggur fundargerð almannaþingarnefndar í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi, dags. 22.04.2024.

Lagt fram til kynningar.

**8. 202401108 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2024**

Fyrir liggur fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 23.02., 21.3. og 08.04.2024.



Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:45**

